



VINNUMÁLA  
STOFNUN

SAMANTEKT Á ÞJÓNUSTU VIÐ

# FLÓTTAFÓLK

2022



# Efnisyfirlit

Fjöldi flóttamanna í þjónustu flóttamannadeildar vinnumálastofnunar á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2022.....	3
Dómus móttökumiðstöð.....	3
Rísifang flóttamanna .....	4
Hættu í þjónustu á árinu eða fluttu burt afhöfuðborgarsvæðinu.....	4
Fjöldi sem fór í starf á árinu .....	5
Starfsþjálfunarsamningar .....	6
Nýting námskeiða og annarra virkniúrræða í boði fyrir flóttamenn árinu 2022 .....	8
Landsbyggðin .....	10



auglýst daglega hjá ráðningarþjónustunni *Alfreð.is* sem hóf m.a. að auglýsa störf á úkraínsku fljótlega eftir að flóttamenn frá Úkraínu tóku að streyma til landsins. Varlega áætlað fóru um það bil 300 úkraínskir flóttamenn sem ekki eru skráðir í heildartölur hér að ofan, í starf með aðstoð frá ráðgjafa.

Af þeim ríflega 800 flóttamönnum sem fengu aðstoð í Dómus, óskuðu um 200 að halda áfram í þjónustu ráðgjafa og voru skráðir formlega í upplýsingakerfi VMST. Þeir eru því í heildartölunum hér að ofan, þ.e. um 200 af 1263 sem var í atvinnuleit á árinu kom í gegnum Dómus. Aðrir komu í þjónustu með tilvísun eða eftir að sótt var um þjónustu í gegnum netfang Flóttamannadeildar.

Aðstoð ráðgjafa í Dómus fólst aðallega í að skrá einstaklinga inn á *Alfred.is* og kenna þeim á vefinn. Gera ferilskrá með viðkomandi og einnig í mörgum tilfellum að aðstoða við að fá starf og meðfylgjandi húsnæði á landsbyggðinni. Áður en innrásin var gerð í Úkraínu hafði verið tekin ákvörðun um að auglýsa sérstaklega eftir störfum fyrir flóttamenn m.a. vegna mikillar fjölgunar flóttamanna frá Venesúela. Auglýsingin birtist í mars, stuttu eftir innrásina og tóku atvinnurekendur vel við sér og réðu fjölmarga flóttamenn í starf í kjölfarið víðs vegar um landið.

## Ríkisfang flóttamanna

Flestir flóttamenn sem voru í þjónustu komu frá Úkraínu og næst á eftir Venesúela, sbr. töflu 2. Alls komu flóttamenn frá 42 ríkjum á árinu 2022. Í 18 tilfellum var einn flóttamaður frá tilteknu ríki.

**Tafla 2.** Tafla sem sýnir frá hvaða ríkjum flestir flóttamenn komu sem voru í atvinnuleit á árinu 2022.

Ríkisfang	Fjöldi
Úkraína	421
Venesúela	392
Sýrland	92
Palestína	88
Afganistan	50
Írak	50
Sómalía	38
Nígería	31
Íran	25
<b>Annað</b>	<b>77</b>
Samtals	1263

Í töflu 2 er búið að flokka flóttamenn í 9 flokka eftir þeim ríkjum sem flestir voru frá sem voru í atvinnuleit á árinu 2022. Í flokki 10 eru alls 77 flóttamenn frá 33 ríkjum.

Konur voru 651 (52%) í hópi flóttamanna og karlar voru 612 (48%).

## Hættu í þjónustu á árinu eða fluttu burt af höfuðborgarsvæðinu

Alls hættu 87 af þeim 1263 flóttamönnum sem skráðir voru í atvinnuleit á síðasta ári áður en þeir fengu starf. Um helmingur þeirra eða 44 einstaklingar hættu vegna þess að þeir reyndust óvinnufærir og þar af voru a.m.k. átta konur á leið í fæðingarorlof. Þá hættu 27 flóttamenn vegna flutnings frá höfuðborgarsvæðinu eða úr landi. Gera má ráð fyrir að þeir sem fluttu út á land hafi í flestum tilvikum

















Flestir komu frá Úkraínu eða 262 einstaklingar og 111 frá Venesúela en önnur þjóðerni má sjá hér að neðan.



Á landsbyggðinni fóru 327 einstaklingar á íslenskunámskeið og 129 á Landnemann.

Íslenskunámskeiðin gengu vel og voru kennd út um land allt. Það reyndist erfiðara að ná í hópa á Landnemann á landsbyggðinni en í lok árs var farið að kenna hann í fjarnámi þar sem allt landið gat sameinast um námskeiðin.



Að lokum er hér samandregið í einni töflu helstu niðurstöður ársins fyrir landið allt.

	Heildarfj. í atvinnuleit	Hættu í þjónustu	Fj. sem nýtti sér ráðgjöf	Fóru í starf á árinu	Hlutfall í starf	Fjöldi á samfélagsfræðsla	Fj. plássá íslenskunámskeið
Höfuðborgarsvæði	1263	88	1175	645	55%	275	1766
Landsbyggð	468	13	455	234	51%	129	327
<b>Samtals</b>	<b>1731</b>	<b>101</b>	<b>1630</b>	<b>879</b>		<b>404</b>	<b>2093</b>

Svava Júlía Jónsdóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Selfossi



**VINNUMÁLA  
STOFNUN**